

# Hvammsvíkurbryggja

Helsta tjónið var Hvammsvíkurbryggja, dekkið fauk af henni og brotnaði í nokkra parta.

Jóhannes Valdimarsson: Er Hvammsvíkurbryggja ónýtt eða skemmd og hvenær rennur samningur út?

Hafþór: Af samningi eru eftir 6 ár, Bæði Hitaveitan og Skúli vildu okkur burt. Bryggjan en stórskemmd, höfum lagað aðeins. Viðgerð er ekki helgarjobb. Áætla 5-6 sex manna verk í 4-5 dagsverk. Um 4-500 þús í efni og vinnu. Aðkeypt vinna væri einhverjar milljónir. Auglýstum eftir mönnum, þreifingar en ekekr varð úr. Svæðið er eins og eyðijörð allt í niðurníðslu, þar skemmdust byggingar. Skúli hættur við að byggja upp. Ykkar að ákveða framhaldið.

Jóhannes: Reynt verði að fá framlengingu.

Hákon: Hún er ekki eins úr lagi og sýnist.

Hafþór: Lang- og þverbönd eru brotin. Hægt að laga illa og vel.

Jóhannes: Mjög mikilvægt að gera við hana, að reyna að framlengja samning. Ef, þá með hvaða hætti haldið verður á. Er með tillögu til fundarins.

TILLAGA - Að aðalfundur Snarfara haldinn í félagsheimilinu fimmtudaginn 4. febrúar feli stjórn félagsins að hefja viðræður við landeigendur Hvammsvíkur um framlengingu leigusamnings félagsins um aðstöðu í Hvammsvíkurlandi. – Á grundvelli niðurstöðu þeirra viðræðna ákveði stjórn félagsins umfang viðgerða á bryggju og annarri aðstöðu félagsins þar. - Fram að niðurstöðu leitist félagið við að koma bryggjunni í nothæft ástand strax í vor. – Jóhannes Valdimarsson.

Úr sal: Er ekki rétt að bera undir fund í félaginu þegar þetta er komið fram.

Fundarstjóri: Jú, jú. Geri dagskrártillögu að vísa tillögunni til stjórnar til könnunar og framhaldsvinnslu. Samþykkt með öllum meirihluta atkvæða gegn 1 atkvæði.